



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

172.

FUNDUR SKÓLANEFNDAR

8. júní 1992

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Gísli Torfason, Guðbjörg
Ingimundardóttir, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar
Ingvarsson, og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, síðan var gegnið
til dagskrár.


1. Ráðning húsvarðar.


Sjö umsóknir bárust um stöðu húsvarðar. Einn óskað
nafnleyndar, aðrir umsækjendur voru eftirtaldir: Ágúst
Jóhannesson, Vatnsnesvegi 20, Keflavík, Elín Júlíus- dóttir,
Hringbraut 136c, Keflavík, Georg Ragnarsson, Mánabakka,
Bergi, Jóhann Ólafsson, Brekkustíg 16, Njarðvík, Jón Héðinn
Pálsson, Valbraut 9, Garði og Kjartan Finnbogason, Keflavík.
Ákveðið var að ráða Elínu Júlíusdóttur.

2. Önnur mál.

- a) 1.5 milljón hefur fengist til viðgerða á elsta hluta
skólanhúsnæðisins, gera þarf við skemmdir á steypu
undir gluggum og mála. Samþykkt að semja við undir-
verktaka í nýbyggingu um verkin og bæta við úr sjóðum
skólans því sem á kann að vanta.
- b) Samþykkt að innritunargjald verði kr. 5.000 á næstu önn
og efnisgjald verði óbreytt kr. 5.500.
- c) Ákveðið að bjóða þeim sveitarfélögum sem ekki eiga
fulltrúa í skólanefnd að senda áheyrnarfulltrúa með
málfrelsi og tillögurétt á fundi skólanefndar frá og
með upphafi næstu annar.
- d) Umsóknarfrestur um kennarastöður rennur út 15. júní.
Líffræðingurinn, sem fengið hafði stöðu hér, hætti við.
Auglýsa verður því aftur stöðu líffræðikennara, einnig
stöðu enskukennara. Næsti fundur nefndarinnar verður
haldinn fljótlega eftir 15. júní, þá liggja einnig
fyrir tilboð í mótuneyti og ræstingu.
- e) Daníel Guðbjartsson, nemandi í FS, náði bestum árangri
Íslendinganna í Norðulandakeppninni í stærðfræði.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður.


Hulda Björk Þorkelsdóttir,
fundarritari.

júní 1992.

Umsækjendur um starf húsvarðar við FS.

Eftirtaldir aðilar hafa sótt um stöðu húsvarðar við FS:

1. Ágúst Jóhannesson, fæddur 1926, til heimilis að Vatnsnesvegi 20 Keflavík. Planformaður á síld, verkstjóri í fiskvinnslu og í plastgerð Suðurnesja.
2. Elín Júlíusdóttir, fædd 1944, til heimilis að Hringbraut 136c Keflavík. Hefur unnið við FS s.l. 13 ár, einkum sem ræstingarkona, einnig húsvörður í afleysingum og matráðskona.
3. Georg Ragnarsson, fæddur 1933, til heimilis að Mánabakka, Bergi í Keflavík. Hefur unnið hjá Járn- og pípulagnaverktökum á Keflavíkurflugvelli við pípulagnir og í 7 ár sem næturvörður hjá Hagkaupum.
4. **Nafnleynd.**
Gísli Jónsson, fæddur 1935, til heimilis að Birkiteigi 21 Keflavík. Stýrimannaréttindi og meirapróf. Starfaði í 25 sem verkstjóri við fiskvinnslu og áður sem stýrimaður. **Óskar nafnleyndar.**
5. Jóhann Ólafsson, fæddur 1936, til heimilis að Brekkustíg 16 í Njarðvík. Starfað hjá Varnarliðinu og Essó á Keflavíkurflugvelli, hjá Stapafelli en hefur rekið verslunina Lindina Keflavík síðustu árin.
6. Jón Héðinn Pálsson, fæddur 1936, til heimilis að Valbraut 9 í Garði. Hefur stundað sjómennsku, verið verkstjóri í fiskvinnslu, hefur unnið við húsasmíðar, rafvirkjun, vélstjórn og pípulagnir. Rak samkomuhús Dalvíkur og Dalvíkurbíó í 8 ár.
7. Kjartan Finnbogason, fæddur 1928, búsettur í Keflavík. Starfaði í rúm 30 ár sem lögreglumaður á Keflavíkurflugvelli, en síðustu 2 árin sem umsjónarmaður og húsvörður á bifreiðaverkstæði Steinars í Keflavík.